



Alþingi
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 29. nóvember 2023
2311163/0.4.1

Efni: Umsögn Embættis landlæknis um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skatta og gjöld o.fl. (gistináttaskattur, áfengisgjald o.fl.) 509. mál.

Embætti landlæknis þakkar veitt tækifæri til að veita umsögn í ofangreindu máli.

Um frumvarpið

Embættið leggst gegn breytingu á lögum um gjald af áfengi og tóbaki, nr. 96/1995 í 18 gr. frumvarps til laga um breytingu á lögum um skatta og gjöld o.fl. (gistináttaskattur, áfengisgjald o.fl.). Að mati embættisins er með þessu lagafrumvarpi verið að draga úr áhrifum áfengisgjaldsins sem er að takmarka skaða vegna áfengisneyslu. Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) hefur bent á að þrjár árangursríkustu leiðirnar til að takmarka neyslu áfengis eru a. að takmarka aðgengi, b. verðlagning og c. takmörkun markaðssetningar.

Embætti landlæknis undirstrikar og ítrekar enn og aftur fyrri afstöðu um mikilvægi þess að allar breytingar á málaflokknum kalla á heildræna nálgun og að erfitt geti verið að leggja mat á einstakar aðgerðir án þess að sérstaklega sé fjallað um mat á heildaráhrifum, bæði tilætluðum og óvæntum. Í þessu samhengi bendir embættið sérstaklega á mikilvægi þess að taka upp heilðrænt lýðheilsumat á fyrirhuguðum aðgerðum sem gætu haft áhrif á lýðheilsu.

Verði umræddar breytingar samþykktar leggur embættið áherslu á að breytingar verði ekki innleiddar nema sem hluti af opinberri stefnu um málaflokkinn, þá annað hvort í uppfærðri Stefnu í áfengis- og vímuevörnum (rann út 2020) eða í nýrri stefnu.

Embættið hvetur til þess að unnið verði að heilðrænni stefnumótun í málaflokknum og varar við breytingum sem geta leitt til enn frekari tilslökunar, sérstaklega án þess að fyrir liggi rammi eða umgjörð sem tekur tillit til forvarna og lýðheilsu almennt. Í því samhengi vill embættið benda á verkefni Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar, SAFER, sem ætlað er að draga úr áfengistengdum skaða með ýmsum stjórnvaldsaðgerðum. Meðal aðgerða má nefna takmarkanir á aðgengi að áfengi og bann eða víðtækar takmarkanir á auglýsingum, kostun og markaðssetningu á áfengi. Markmið verkefnisins er að veita aðildarríkjum WHO stuðning við að draga úr skaðlegri notkun áfengis með því að efla áframhaldandi innleiðingu Alþjóðlegrar stefnu til að draga úr skaðlegri notkun áfengis, sem er einmitt þessa dagana til endurskoðunar.

Sú stefna á að gilda til 2030, og einnig er vísað til annarra ráðlegginga og leiða WHO og Sameinuðu þjóðanna – þ.m.t. alþjóðlegri aðgerðaáætlun WHO um forvarnir og eftirlit með ósmitbærum sjúkdómum (NCD) og Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna (SDG).

Um skaðsemi áfengis

Neysla áfengis fer vaxandi hérlandis eða um 8% frá árinu 2010 og er nú að meðaltali 6 lítrar af hreinum vínanda á mann (heimsmeðaltal er 5.5 l). Flest lönd Evrópu keppa að 10% lækkun neyslu fyrir árið 2025. Skv. lýðheilsuvísunum embættis landlæknis fellur áfengisneysla 24% fullorðinna landsmanna undir áhættudrykkju. Skv. upplýsingum frá Sjúkrahúsinu Voggi hafa 7% núlifandi Íslendinga sótt meðferð þangað.

Skaðsemi áfengis kemur æ betur í ljós, bæði á alþjóðlegum vettvangi og hérlandis. Þær hörmungar sem fylgt geta skaðlegri áfengisneyslu eru vissulega mestar fyrir neytandann og fjölskyldu hans en kostnaður samfélagsins er einnig gríðarlegur og margt saklaust fólk þjáist vegna áfengisneyslu ókunnugra.

Áfengisneysla getur valdið bæði bráðum og langvinnum sjúkdómum. Áhrif á aðra en þann sem drekkur eru í gegnum fósturskaða, slys, ofbeldi og sjálfsvíg. Þannig veldur áfengisneysla ekki bara áhrifum á heilbrigðiskerfið heldur félagslega kerfið, löggæslu og dómskerfi sem og á efnahag þjóða.

Vitað er að áfengi er leiðandi áhættuþáttur í heiminum fyrir slæma heilsu og ótímabær dauðsföll, einkum í aldurshópnum 25-59 ára. Vitað eru um 200 sjúkdóma þar sem áfengi er áhættuþáttur. Það hefur til dæmis komið æ betur í ljós hve áfengi er sterkur áhættuþáttur krabbameina, einkum í ristli, brjóstum, munni, vélinda, lifur, hálsi og barkakýli. Þannig er áfengi talið tengjast 12% allra krabbameina. Þá má nefna lifrarsjúkdóma eins og fitulifur, lifrabólgu og skorpulifur. Í nýlegri grein í Læknablaðinu er bent á að algengi skorpulifrar hérlandis hefur áttfaldast á tímabilinu 2016-2020 miðað við tímabilið 1984-2000¹. Þá er áfengi áhættuþáttur fyrir ýmsa heila- og taugasjúkdóma (heilbilun o.fl), sjúkdóma í meltingavegi (brísbólga o.fl.), efnaskiptasjúkdóma eins og sykursýki og offitu, hjarta- og æðasjúkdóma eins og kransæðasjúkdóma og heilablóðfall. Þá eru ótalin veiking ónæmiskerfis og tengsl við ýmsa smitsjúkdóma; lungnasjúkdómar, beinþynning, fósturskaðar og geðrænir sjúkdómar eins og þunglyndi, kvíði of fíknisjúkdómur.

Samkvæmt tölum frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni veldur áfengi þremur milljónum dauðsfalla í heiminum á hverju ári eða um 4-5% allra dauðsfalla. Þar af eru 600.000 dauðsföll vegna slysa og 230.000 vegna sjálfsvíga. Þá tengist áfengi 13% allra umferðaslysa.


¹ Sigurður Ólafsson. Skorpulifur í stórsókn, sjá [lbl-11-2023.indd \(laeknabladid.is\)](#)

Samfélagsleg áhrif áfengis eru mikil; á fjölskyldu þess sem drekkur, vinnufélaga og vini. Sem dæmi búa 13% sænskra barna við áfengissjúkdóm foreldris. Áfengisneysla tengist ofbeldi, vanrækslu, misnotkun, afbrotum, vinnuslysum og skertu vinnuframlagi. Algengasti beinn skaði annarra en þess sem drekkur kemur til vegna umferðaslysa. Farþegar og aðrir öikumenn slasast eða látast. Næst algengast er líkamlegt ofbeldi eða morð þar sem gerandi er undir áhrifum áfengis.

Það eru til margar rannsóknir um áhrif á efnahag þjóða og áætlað að geti verið 1,5-2,6% af GDP². Til eru rannsóknir frá Noregi og Svíþjóð þar sem áætluður kostnaður sem rekja má til áfengisneyslu sé um 140-150 milljarðar ísl. kr. Hérlandis áætlaði Stella Einarsdóttir að samfélagslegur kostnaður árið 2021 hafi numið ríflega 100 milljörðum kr. auk sk. óáþreifanlegs kostnaðar eða um 3% af GDP sem er því sambærlegt við margar erlendar rannsóknir³.

Athygli er vakin á ofangreindum staðreyndum því vitað er að aukið aðgengi að áfengi og lækkað verð mun skila sér í aukinni neyslu og þar með aukinni sjúkdómabyrði, þjáningu og samfélagslegum kostnaði. Tekjur ríkisins af sölu áfengis eru einungis brot af kostnaði þeim sem fellur á ríkið vegna áfengisneyslu. Í þessu samhengi bendir embættið sérstaklega á mikilvægi þess að taka upp **heildrænt lýðheilsumat** á öllum fyrirhuguðum aðgerðum og lagasetningum sem gætu haft áhrif á lýðheilsu og er hægt að benda á Finnland sem fyrirmynd.

Virðingarfyllst,



Kjartan Hreinn Njálsson
aðstoðarmaður landlæknis

² Manthey, J., Hassan, S.A., Carr, S. et al. What are the Economic Costs to Society Attributable to Alcohol Use? A Systematic Review and Modelling Study. *PharmacoEconomics* (2021). <https://doi.org/10.1007/s40273-021-01031-8>

³ <https://skemman.is/bitstream/1946/41009/1/BS%20RITGER%C3%90%20-%20LOKASKIL.pdf>